

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Óskar Ingvarsson, greiði stefnendunum, Jóhönnu Valentinusdóttur og Guðbrandi Sigurðssyni, kr. 1011.08 með 5% ársvöxtum frá 19. janúar 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 21/1941. **Valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
 gegn
Bjarna Jónssyni ((Theódór B. Lindal).

Áfenfisbrot. Ölvun.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Bjarni Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Guðmundar Í. Guðmundssonar og Theódórs B. Lindals, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. jan. 1941.

Árið 1941, mánudaginn 6. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 61/1941: Valdstjórnin gegn Bjarna Jónssyni, er tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Jónssyni verkamanni, Hverfisgötu 70 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 33/1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1932 $2\frac{1}{4}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1937 $2\frac{1}{2}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1938 3% sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1938 $3\frac{1}{2}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $\frac{7}{1}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $3\frac{1}{4}$ kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1939 $3\frac{3}{4}$ kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1939 2% sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $1\frac{1}{2}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 2% sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1934 $1\frac{1}{10}$ undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir spellvirki.
 1939 $\frac{8}{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $2\frac{3}{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1939 3% sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 $3\frac{1}{2}$ kærður fyrir ölvun heima. Fellt niður.
 1940 $1\frac{1}{4}$ kærður fyrir ölvun heima. Fellt niður.
 1940 $\frac{5}{8}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $1\frac{3}{8}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 1% sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $1\frac{1}{2}$ kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
 1940 $2\frac{1}{10}$ sætt 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $2\frac{9}{10}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1940 $\frac{7}{11}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1940 $1\frac{3}{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1940 $2\frac{7}{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1940 $2\frac{1}{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 3% kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
 1941 $\frac{1}{1}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærðs og framburði lögregluþjóns þess, er handtók kærðan í gær kl. 15,20, er sannað, að kærður var þá hneyxlanlega ölvaður á gangi eftir Pósthússtræti hér í bænum.

Hefur kærður þannig brotið 18. sbr. 38. grein áfengislaganna og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með tilliti til hinna tíðu ölvunarbrota hans undanfarið hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Bjarni Jónsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 5/1940. **Bræðurnir Ormsson** (Eggert Claessen)
gegn

Steindóri Einarssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skuldamál. Gagnkröfur. Véfengingar of seint fram komnar.

Dómur hæstaréttar.

Björn lögmaður Þórðarson hefur kveðið héraðsdóminn upp.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. jan. 1940, hefur aðallega krafizt þess, að hann verði skilorðslaust sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði sýkn dæmdur, ef Eiríkur Ormsson, er firmanu veitir forstöðu, staðfestir með eiði sínum þá staðhæfingu, að hann hafi greitt kröfu þá, er mál þetta er risið af, gegn fullnaðarkvittun stefnda. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hver sem málalok verða. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 30. des. 1936 taldi áfrýjandi sig eiga hjá stefnda kr. 2343,95. Þessa skuld greiddi stefndi með kröfum, sem hann hafði á áfrýjanda, og fékk fullnaðarkvittun hans um þá greiðslu. Jafnframt gat stefndi þess, að hann hefði fleiri kröfur á hendur áfrýjanda. Kveðst áfrýjandi hafa síðar samið við stefnda um kröfur þessar og greitt þær að fullu. Telur áfrýjandi kvittun um greiðslu þessa munu hafa glat-